

Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020

3. vinnufundur – fundargerð

Fundur haldinn á bæjarskrifstofum Bolungarvíkurkaupstaðar 27.9. 2007 frá kl. 17:00.

Mættir voru: Daðey S. Einarsdóttir (jávarútvegur), Falur Þorkelsson (fatlaðir), Ragnheiður Ragnarsdóttir (Heilsubær), Sunna Rey Sigurjónsdóttir (landbúnaður), Valdimar Lúðvík Gíslason (eldri borgarar) og Erla B. Kristjánsdóttir, Gunnar P. Eydal og Helga Þ. Magnúsdóttir frá Teiknistofunni Eik.

Gunnar fór yfir stöðuna. Fulltrúar fyrir Heilsubæinn, sjávarútveg, hestamenn, fatlaða og landbúnað hafa skilað niðurstöðum. Aðrir hafa ekki skilað niðurstöðum og því hefur vinnan tafist.

Fundargerð síðasta fundar lögð fram. Ekki voru gerðar athugasemdir við hana.

Fulltúar kynntu niðurstöður síns hóps / félags og umræður voru samhliða því:

Gunnar P. kynnti drög að niðurstöðum. Tafla sem sýnir helstu ágreiningsmál útskýrð. Samhljómur í leiðarljósi, þarf að setja það fram fyrir næsta fund.

Helstu atriðin sem komu fram í kynningu og umræðum í kjölfarið:

- Ragnheiður: Áherslur á atvinnumál eins og að ráða íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, byggja knattspyrnuhús og efla sundstarfið. Það mætti útbúa fleiri göngustíga, t.d. hringleið og stöðvar með hinum ýmsum æfingum. Áherslur á heilbriggt, fjölskylduvænt og grænt umhverfi. Merkja ætti gönguleiðir en hugsanlegir árekstrar við hagsmuni landeigenda. Stýra umferðinni sérstaklega inn á þessa göngustíga.
- Sunna: Reglur stundum brotnar og vantar að fylgja þeim eftir. Motocross ætti að fara á betri stað. Tófur og annað dýralíf. Menningaminjar og áherslur á sögustaði eins og merkingar á þeim. Varðveisla á eldri húsum en hverjum? Lífrænar mengunarvarnir. Mætti færa göngin inn í Syðridal.
- Falur: Einn fundur haldinn þar sem fimm manns mættu. Nota frekar viðmið frekar en reglur. Veikir hlekkir. Aðgengi fyrir alla t.d. í uppgerðum húsum og í miðbæjarkjarna?
- Sunna: Hringstígur við vatnið fer yfir of margar girðingar, skriðuhætta og snjóflóð.
- Valdimar: Þetta ætti frekar að setja í Tungudal.

- Falur: Þjónustuhús bæjarins, vantar upp á aðgengi og að komast vel á milli staða. Engar áherslur eins og staðan er nú. T.d. hátíðarsvæði og fleiri opin svæði. Áætlunarbíll ekki fyrir fatlaða.
- Valdimar: Halda áfram uppbyggingu á reitnum við Hvíta húsið. Ánægja með að helsta þjónusta og verslun er í göngufæri. (Varðandi áætlunarbílinn, þá er það sveitarfélagsins en ekki leyfishafans að passa upp á þessa hluti).
- Sunna: Þegar fólk fer á hennar landareign til berjatínslu þá þarf að biðja um leyfi til þess.
- Daðey: Erfitt fyrir fólk að fókusera eingöngu á höfnina.
- Gunnar P. ítrekar að skýrslan frá íbúabýingunni er aðgengileg á netinu http://www.bolungarvik.is/userfiles/file/Samantekt_ibathing.pdf
- Daðey: Sendi spurningarnar á 36 aðila, bæði til ferðapjónustu og sjávarútvegsfyrirtækja, en fékk aðeins 4 svör – talsver ólík. Verndun og atvinna haldast ekki í hendur? Áherslur að geta samt unnið saman. Uppákomur tengist við torgið.
- Sunna: losa úrgang eins og bein. T.d. mætti nýta aðstöðuna í loðnubræðslunni sem var, þar eru þrær með úrfellur. Það mætti gera áburð af slóginu sem til fellur, passar vel við lífrænan landbúnað.

Sérstaklega var rætt um niðurstöður hópsins varðandi náttúruvernd og minjavernd, en þar var nokkur ágreiningur í svörum:

- Daðey: Frekar átt við umhverfismál frekar en náttúruvernd.
- Rætt um neikvæð áhrif mótorkrosssvæðis á sandinum. Þar vantar allan jarðveg. Ólöglegt og hefur áhrif á æðavarp og krían flyst nær íbúasvæði.
- Gunnar: Vantar sjónarmið ferðapjónustuaðila og hús- og landeigenda í Skálavík inn í þessa umræðu.
- Sunna: Syðridalsvatn og gönguleiðir upp með ánni, þar eru hinu ýmsu andartegundir og varpstaðir í túninu hjá henni. Fólk veit ekki af þessu en það þyrfti að skrá hvaða tegundir þetta eru.
- Gunnar: Í aðalskipulagi er ákveðið hvort og þá hvaða svæði eigi að vernda, t.d. sem fólkvanga eða hverfisvernd. Er ástæða til að vernda fuglalíf frekar?
- Daðey: Ef vilji er til þess að bæta hafnarskilyrði ætti það að vega þyngra en t.d. að vernda fjöruna.

- Sunna: Íbúar ganga að hreinleika náttúrunnar að vísun, þetta er ekki sjálfsagður hlutur eins og hjá mörgum útlendingum sem ferðast hingað.
- Kom fram á íbúapönginu að sérstaða Bolungarvíkur fælist m.a. í fjölbreytileika svæðisins sem nær frá fjöru og upp í fjall.
- Rætt um þá gríðarmiklu landgræðslu sem átt hefur sér stað á sandinum seinustu 30 árin með uppgræðslu og minni beit. Hvað á að gera við svæðið? Leita ætti eftir umsögn hjá landgræðslunni.
- Bent á að golfvöllurinn sé nú kominn á besta svæðið sem náðist að græða upp.
- Sunna: Það þarf að fjarlægja fiskihjallana vegna slyshættu, börnin sækja í þetta.
- Bent var á að margir sæju eftir gömlu húsum sem voru rifin en á þeim tíma hentaði þetta hagsmunaaðilunum. Í dag er ekki til fjármagn í að gera upp hús.
- Rætt um hvort eyða eigi fjármunum í minjavernd ef þörf er á þeim í atvinnuuppbyggingu.
- Gunnar: Ætti að ganga ganga lengra en lögin kveða á um, t.d. með verndun á yngri minjum?
- Ragnheiður: Náttúruvernd hefur mistekist á sumum svæðum.

Fundarmenn voru kvattir til að skoða niðurstöðurnar, bæði tillögur hópsins og íbúapöngsins, fyrir næsta fund sem verður 23. október.

Fundi slitið kl. 18:30